

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóngun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

...

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson / Antwerpen*

## Blessun

## Eftirspil Litli trommuleikarinn


*Katherine Kennicot Davis*



*Astvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug  
Jarðsett verður í Hafnarfjarðarkirkjugarði*




Prestur: Séra Jónína Ólafsdóttir  
Organisti: Friðrik Vignir Stefánsson  
Trompet: Atli Guðlaugsson  
Einsöngur: Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason  
Söngur: Tindatrío  
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa



## *Reynir Sigurjónsson*

Fæddur 23. júní 1951  
Dáinn 19. desember 2022



Útför frá Hafnarfjarðarkirkju  
mánudaginn 9. janúar 2023

## Forspil Tunglskinssónatan

*Beethoven*

## Bæn

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og vöðasker.  
nú birtir senn.


Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Matthias Jochumsson / Charles H. Purday*

## Ritningarlestur

### Lítu sérhvert sólarlag

*Bragi Valdimar Skúlason*



## Ritningarlestur

### Draumalandið

*Guðmundur Magnússon / Sigfús Einarsson*

## Guðspjall

### Þar sem hjartað slær

*Magnús Þór Sigmundsson / Halldór Gunnar Pálsson*

## Minningarorð

Dagurinn kveður, mánans bjarta brá  
blikar í skýjasundi.  
Lokkar í blænum, leiftur augum frá,  
loforð um endurfundi.

Góða nótt – góða nótt.

Gamanið líður fljótt.  
Brosin þín bíða mín,  
er birtan úr austri skín.

Dreymi þig sólskin og sumarfrið,  
syngjandi fugla lækjarnið.

Allt er hljótt – allt er hljótt,  
ástin mín – góða nótt.

Góða nótt – góða nótt.  
Góða nótt – góða nótt.

*Ási í Bæ / Oddgeir Kristjánsson*

## Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson / P.C Crossing*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson / P.C Crossing*

## Moldun

